

## TRÚNAÐUR, SAMSTARF OG TILKYNNINGAR Í EKKO MÁLUM

Börn að 18 ára aldri eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Bæði Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og önnur íslensk lög gera því ráð fyrir því að börn öðlist stigvaxandi rétt til að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar ákvarðanir, sbr. meðal annars 12. gr. Barnasáttmálans, 3. mgr. 1. gr og 6. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Þess vegna er mikilvægt að taka tillit til þess hvernig þau vilja sjálf að brugðist sé við og hafi eitthvað um það að segja hverjir koma að málum þegar þau leita til fullorðins aðila sem þau treysta í sínu nærumhverfi.

Ef upp kemur óvissa varðandi réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins í tengslum við trúnað, samstarf og tilkynningar er mögulegt að leita t.d. til umboðsmanns barna, barna- og fjölskyldustofu, barnaverndar og menntamálaráðuneytisins.

### TRÚNAÐUR

Eitt af leiðarljósunum í EKKO málum í ML er TRÚNAÐUR:

- Starfsfólk ræðir ekki um persónuleg mál við aðra en þá sem þau varða.
- Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er.
- Ávallt er upplýst ef rjúfa þarf trúnað til að tilkynna mál. Einnig ef ræða á við fleiri aðila til samstarfs eða til að kanna mál.

Að því sögðu þá er það oft hagar barns að aðilar vinni saman að málum sem varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Það skal gert í sem bestu samráði við nemandann og í samræmi við það verklag sem lýst er í þessu skjali. Hér verður fjallað um tilkynningar til barnaverndar, skráningar, teymi og samráð við foreldra/forráðamenn.

Um þagnarskyldu starfsmanna framhaldsskóla fer eftir X. kafla stjórnarsýslulaga (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

### TILKYNNING TIL BARNAVERNDAR

Samkvæmt lögum um barnavernd (nr. 80/2002) þá er öllum almenningi skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þegar tilkynnt er um vanrækslu eða áhættuhegðun barns er oftast nær um að ræða ástand sem hefur varað í lengri tíma og hefur ekki breyst nægjanlega þrátt fyrir ábendingar og leiðbeiningar starfsmanna til foreldra.

Þeim sem vinna með börnum eða hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf (þ.á.m. kennarar, skólastjórar, náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingar) er sérstaklega skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarþjónstu viðvart. **Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðaregla um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.**

Sjá leiðbeiningar barnaverndarstofu vegna tilkynningarskyldu og bókina *Ofbeldi gegn börnum - hlutverk skóla. Handbók fyrir starfsfólk*.

## Ferli vegna tilkynninga frá ML:

- **Grunur vaknar**
  - Ofbeldi, áhættuhegðun, vanræksla. Það er nóg að um grun sé að ræða og hann þarf ekki að vera staðfestur. Sjá [skilgreiningar](#).
- **Hlustun og skráning**
  - Góð hlustun er mikilvæg en varast ber að spyrja út í einstaka atriði eða spyrja leiðandi spurninga. Málsatvik eru skráð (sjá neðar).
  - Upplýsa nemandann um að rjúfa þurfi trúnað vegna tilkynningaskyldu.
- **Tilkynnt til stjórnanda**
  - Ef grunur leikur á að barn sé í hættu og stjórnandi er ekki við skal hafa samband við barnavernd eða 112. Einnig ef starfsmaður treystir sér ekki til að leita til stjórnanda.
- **Samband haft við foreldra**
  - Að jafnaði skal láta foreldra/forráðamenn vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna til barnaverndarnefndar. Tekið skal fram að unnið verði út frá velferð barnsins, stuðningi og lausnum.
  - Ef við á er nemandi gefinn kostur á að ræða fyrst við foreldri áður en haft er samband frá skólanum.
- **Mál tilkynnt til barnaverndar eða 112**
  - Skólameistari sendir inn tilkynninguna til barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins sem barnið á lögheimili í: [Barnaverndarþjónustur og umdæmisráð | Barnaverndarstofa \(bvs.is\)](#)
  - Tilkynningin er send í nafni skólans en hann nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. grein barnaverndarlaga.
  - Tilkynning er ekki kæra. Meta þarf hvort einnig er ástæða til að tilkynna til lögreglu. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá einnig upplýsingar um þetta og þeim bent á að leita sjálf til lögreglu ef aðstæður eru þannig.
- **Staðfesting frá barnavernd um að tilkynning hafi borist**
- **Áfram unnið í málinu innan skólans**
  - Samkvæmt verklagsreglu um óformlega og formlega málsmeðferð. Markmiðið er að tryggja velferð og öryggi allra hlutaðeigandi, veita aðstoð, vísa í úrræði o.s.frv.
  - Upplýsingar veittar til barnaverndar þegar óskað er eftir þeim og ráðleggingum frá barnavernd fylgt þegar svo ber undir.
- **Tilkynnt aftur ef þurfa þykir**
  - Hvert atvik og áframhaldandi áhyggjur gefa tilefni til endurtekinnar tilkynninga til barnaverndar.
  - Ef skólinn, aðilar máls eða aðstandendur bíða eftir viðbrögðum frá barnavernd er mögulegt að ganga úr skugga um að málið sé í ferli hjá þeim og ef til vill að ýta á eftir því. Barnavernd er bundin trúnaði og hefur ekki upplýsingaskyldu gagnvart skólanum en getur veitt almennar upplýsingar og ráðleggingar.

## SKRÁNINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

Starfsfólk sem fær ábendingu, vísbendingu eða tilkynningu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi skal skrá það hjá sér (sjá skráningareyðublað trúnaðarmála). Þegar um óformlega málsmeðferð er að ræða er skráningareyðublaðið einungis hjá viðkomandi starfsmanni en fari mál í formlegan farveg afhendast skráningar þeim sem heldur á málinu og eru vistaðar í málakerfi skólans (með öruggri aðgangsstýringu).

Stuðningsaðili í óformlegri málsmeðferð skal láta námsráðgjafa, gæðastjóra eða skólameistara vita (með lágmarksupplýsingum) svo málið fari á *skrá yfir EKKO mál* (í læstu skjali í málakerfi skólans). Með leyfi nemandans má nafn fylgja en ef um óformlegt mál er að ræða má skrá það með *nafnleynd*.

Upplýsingar um mál eru veittar að teknu tilliti til persónuverndar. Í sumum tilvikum er heimilt að takmarka aðgang að gögnum, t.d. ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra (sbr. 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga).

## TEYMI

Stuðningsaðilar í óformlegri málsmeðferð deila upplýsingum og ráða ráðum sínum með öðrum starfsmönnum ef þess gerist þörf, **en aðeins að höfðu samráði við tilkynnanda**. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að ráðfæra sig við t.d. námsráðgjafa, jafnréttisfulltrúa, sálfræðing, barnavernd eða fagráð eineltismála án þess að nefna nöfn.

Meginreglan er að kalla saman *EKKO-teymi* þegar um formlega málsmeðferð er að ræða - þ.e. námsráðgjafi og jafnréttisfulltrúi ásamt þriðja aðila sem ákveðinn er hverju sinni (t.d. húsvörður, húsfreyja, umsjónarkennari, skólameistari). Sé starfsmaður vanhæfur í máli (er t.d. skyldmenni eða sjálfur meintur gerandi) tekur viðkomandi ekki þátt í málsmeðferð.

Hlutverk EKKO-teymisins er að meta stöðuna og hafa samráð um næstu skref hverju sinni. Upplýsingagjöf innan teymis tekur mið af hag barnsins og trúnaður ríkir um það sem fram fer þeirra á milli. Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er.

## FORELDRAR/FORRÁÐAMENN

Umsjónarkennarar og náms- og starfsráðgjafi hafa gjarnan samband við foreldra/forráðamenn þegar áhyggjur vakna, hvort sem það er vegna náms, líðanar eða hegðunar. Foreldrar/forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri geta óskað eftir upplýsingum um sitt barn. Við upplýsingagjöf er tekið tilliti til trúnaðar og samþykkis unglingsins.

Bæði í óformlegri og formlegri málsmeðferð eru nemendur hvattir til að treysta foreldrum/forráðamönnum sínum fyrir vandanum og nýta það stuðningsnet sem þau hafa heima fyrir. Það fer eftir eðli og alvarleika málsins hversu mikil áhersla er lögð á þetta og hversu mikið frumkvæði skólinn tekur. Eins og fyrr segir skal að jafnaði láta foreldra/forráðamenn vita af tilkynningu skóla til barnaverndar. Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum. Kemur m.a. fram:

*Foreldrum ber að greina skólanum frá aðstæðum sem gætu haft áhrif á skólagöngu ungmenna þeirra.*

*Foreldrum ber að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla vegna brota ungmenna þeirra á skólareglum. Þeim ber ásamt ungmenni að taka þátt í meðferð máls.*

## VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 21.3.2023

*Leitast skal við að hafa samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda eldri en 18 ára að höfðu samráði við nemandann, um mál sem upp kunna að koma samkvæmt grein þessari.*

*Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti ungmenna þeirra yngri en 18 ára.*

Foreldrar/forráðamenn geta verið lykilaðilar í viðbrögðum og mikilvægur stuðningur. Það er þó ekki sjálfgefið að foreldrar fái upplýsingar um EKKO-mál sem eru í óformlegri eða formlegri málsmeðferð í ML. Börn geta almennt borið mikla ábyrgð frá 15 ára aldri, sbr. sakhæfi og við 16 ára aldur verða unglingar sjálfstæðir þjónustupegar heilbrigðiskerfisins og sjálfstæður aðili barnaverndarmáls (Réttindi barna og unglinga | Umboðsmaður Barna). Vilji unglings hefur því vægi varðandi það hvort, hvenær og hvernig foreldrar/forráðamenn eru upplýstir eða innvinklaðir.

Það er vel séð að foreldrar sýni frumkvæði í samskiptum við skólann en bíði ekki bara eftir því að haft sé samband frá skólanum. Foreldrar eru jafnframt hvattir til að leita upplýsinga beint frá barninu um líðan þeirra og þau atvik sem kunna að koma upp.

Í EKKO-handbók ML eru sýnidæmi af tölvupóstum til foreldra. Í slíku bréfi er meðal annars hægt að gefa yfirlit yfir hvar mál er statt í ferlinu, lista upp þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og vísa á úrræði. Einungis er rætt um þeirra eigið barn og engin nöfn nefnd. Upplýsingar eru gefnar á sem almennustum nótum án þess að fara í smáatriði eða gefa lýsingar á atburðum og upplifunum. Tölvupóstur getur verið góð leið til að veita upplýsingar á ígrundaðan og yfirvegaðan hátt, en samskipti skyldu aldrei takmarkast við hann. Símtal ætti alltaf að fylgja, á undan eða eftir, þar sem auðveldara er að byggja upp jákvæð tengsl. Einnig er mögulegt að hittast á fundi, að frumkvæði skólans eða foreldra/forráðamanna.

Nánar er fjallað um samskipti foreldra/forráðamanna og skóla í *verklagsreglu um tiltal, áminningar og brottvísanir*. Ef til þess kemur að nemandi sætir viðurlögum vegna brota á skólareglum er gengið út frá samstarfi við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra.